



Breiðdalshreppur
Sif Hauksdóttir
Selnesi 25
760 Breiðdalsvík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 29. apríl 2015
Tilv.: IRR15030086/18.10.9

Með bréfi þessu staðfestir innanríkisráðuneytið siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá Breiðdalshreppi, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem því voru sendar þann 9. mars 2015. Hjálagt eru siðareglur Breiðdalshrepps sem ráðuneytinu voru sendar, staðfestar með stimpli ráðuneytisins, dagsetningu og undirskrift.

Ráðuneytið minnir á ákvæði 2. mgr. áður nefndrar greinar sveitarstjórnarlaganna þar sem kveðið er á um opinbera birtingu siðareglanna á vefsíðu sveitarfélagsins eða á annan sambærilegan hátt. Þá telur ráðuneytið rétt að í þeirri birtingu komi fram staðfesting ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest frumrit siðareglna fyrir kjörna fulltrúa Breiðdalshrepps.



Siðareglur kjörinna fulltrúa Breiðdalshrepps

1. gr. Markmið

Markmið með þessum reglum er að skilgreina háttsemi og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Breiðdalshrepps. Með kjörnum fulltrúum er átt við sveitarstjórnarmenn sem og alla sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjásveitarfélaginu eða á vegum sveitarfélagsins.

2. gr. Staða og ábyrgð

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum láta ákvarðanir sínar ráðast af lögum, reglum og samþykktum auk sannfæringu sinni í störfum fyrir Breiðdalshrepp. Þeim ber að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglu góðrar stjórnarsýslu m.a. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Breiðdalshrepps.

Kjörnir fulltrúar skulu koma fram af drengskap og háttvísi og gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim eða sveitarfélaginu til vanvirðu og álitshnekks.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins.

3. gr. Gjafir og fríðindi

Kjörnum fulltrúum Breiðdalshrepps er óheimilt að þiggja gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.



4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þeir taka ekki þátt í undirbúningi og afgreiðslu mála sem varða sérhagsmuni þeirra sjálfra, skjólstæðinga eða annarra sem tengjast þeim þannig að ætla megi að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti af þeim tengslum.

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Breiðdalshrepps.

5. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þagmælsku og trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og trúnaður gildir um svo lengi sem sá trúnaður samrýmist lögum. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Breiðdalshrepps sem og um innihald annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaðar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Kjörnir fulltrúar Breiðdalshrepps undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningsi og fjölmiðlum á heimasíðu Breiðdalshrepps eða á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt þessi er sett fram samkvæmt ákvæðum 29. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Breiðdalshrepps 4. mars 2015, eftir aðra umræðu. Fyrri umræða fór fram á fundi sveitarstjórnar 2. febrúar 2015.

INNANRÍKISRÁÐGILT
29.4.2015